

# YFIRFÆRANLEG HÆFNI – VIÐMIÐARAMMI, RAUNFÆRNIMATSFERLI OG RÁÐGJÖF

Samantekt um helstu niðurstöðum Evrópuverkefnisins TRANSVAL-EU

## Samantekt á aðalatriðum

TRANSVAL-EU er tilraunaverkefni þvert á landamæri með áherslu á þjálfun sérfræðinga á sviði ráðgjafar og raunfærnimats til að greina, skjalfesta, meta og votta yfirfæranlega færni. Í TRANSVAL-EU hefur verið fjallað um raunfærnimat á yfirfæranlegir færni og skilyrðum ráðgjafar, bæði frá sjónarhóli sérfræðinga sem koma að mati á raunfærni sem og frá sjónarhóli einstaklinga sem nýta sér raunfærnimat- og ráðgjöf og metið þetta samhliða út frá raunverulegum vettvangsprófum með hliðsjón af fjölbreytileika framkvæmda raunfærnimats og ráðgjafar í löndum innan Evrópusambandsins. Framkvæmdaaðilar hafa notið þjálfunar í gegnum hjá fimm tilraunaverkefni í Austurríki, Belgíu, Ítalíu, Litháen og Póllandi. Þessar tilraunir hafa veitt þeim tækifæri til að hámarka raunfærnimat óformlegs og formlauss náms nokkurra einstaklinga. Auka tilraunaverkefni var framkvæmt í Portúgal. Sú einstaka vettvangsrannsókn hefur aðeins verið metin af þátttakendum.

Byggt á vísindalegu mati meðal 78 sérfræðinga á sviði raunfærnimats og ráðgjafar og 256 einstaklinga sem gengu í gegnum matið, upplifði verulegur hluti beggja hópa að hæfni þeirra hafði aukist. Samkvæmt niðurstöðum einstaklinganna upplifðu 30% til 50% þeirra að hluti af yfirfæranlegri hæfni þeirra jókst. Að auki upplifðu 35% til 42% einstaklinga bætta hæfni í félagslegri inngildingu. Ennfremur töldu flestir þátttakenda (89%) að þeir væru þátttakendur í uppbyggilegu ferli raunfærnimats og ráðgjafar um yfirfæranlega hæfni og töldu sig meðal annars vera meðvitaðri um yfirfæranlega hæfni sína.

Að auki upplifðu flestir sérfræðingar sem komu að verkefninu (68% til 76%) aukna hæfni í yfirfæranlegri hæfni, við að veita ráðgjöf í raunfærnimatsferlinu og við að leggja fram mat. Þessi styrking virðist vera umtalsverð. Byggt á greiningunni kemur í ljós að nokkrir þættir TRANSVAL-ESB verkefnisins höfðu áhrif á þessa styrkingu. Nefna má evrópska og innlenda þjálfun, þýðingu á og beitingu þjálfunar í heimalöndunum, verkfæri og efni, aðferðafræði og vinnustofur, reynsla af vinnu með einstaklingum, eða með öðrum orðum, vinnan á vettvangi og með viðmiðarammann fyrir yfirfæranlega hæfni (e. Transversal Competence Framework, TFC) virðist hafa afgerandi áhrif á styrkingu hæfni sérfræðinganna sem komu að raunfærnimatinu.

## Kafli 6: Túlkun áhrifa- og árangursþátta

Evrópuverkefnið TRANSVAL miðar að því að stuðla að uppbyggilegra og áreiðanlegra raunfærnimats- og ráðgjafarferli. Í því skyni fóru fram átta vettvangsprófanir skipulagðar í sex Evrópulöndum (Austurríki, Belgíu, Ítalíu, Litháen, Póllandi og Portúgal) sem veittu tækifæri til þess að hámarka raunfærnimatsferli sem snýst um yfirfæranlegri hæfni.

### Styrking á hæfni einstaklinga sem gengu í gegnum ráðgjafar- og raunfærnimatsferlið

Samkvæmt niðurstöðum einstaklinganna upplifðu 30% til 50% þeirra að hluti af yfirfæranlegri hæfni þeirra efldist. Að auki upplifðu 35% til 42% einstaklinganna styrkingu á félagslegri inngildingu. Samkvæmt evrópskri rannsókn Lupi o.fl. (2011), upplifðu um 30% til 45% meðal sambærilegs markhóps styrkingu á sumum þáttum sambærilegrar hæfni og félagslegri inngildingu. Þessi rannsókn sýndi að námsinngríp sem vísa til formlegs, óformlegs og formlauss náms fyrir fullorðna hefur áhrif á verulegan hluta þessara námsmanna. Niðurstöður vettvangstilrauna TRANSVAL-EU eru sambærilegar og virðast lofa góðu sérstaklega í samanburði við fyrri birtar niðurstöður rannsóknar á Taris (2007) sem sýna áhrif þjálfunar upp á 10% til 20%.

Ennfremur töldu einstaklingarnir sem tóku þátt (89%) að þeir væru þátttakendur í uppbyggilegu raunfærnimati og ráðgjöf varðandi yfirfæranlega hæfni og töldu sig meðal annars verða meðvitaðri um yfirfæranlega hæfni sína.

### Reynsla ráðgjafar- og raunfærnimatssérfræðinga af hæfniefningu

Í öðru lagi upplifðu flestir hlutaðeigandi sérfræðingar (68% til 76%) að þeir hefðu bætt yfirfæranlega hæfni sína við að veita ráðgjöf á meðan á staðfestingarferlinu stóð og framkvæma mat. Þessi aukning virðist vera umtalsverð.

### Helstu áhrifaþættir í hæfniefningu sérfræðinga á sviði ráðgjafar og raunfærnimats


Samkvæmt greiningunni kemur fram að nokkrir þættir TRANSVAL-ESB verkefnisins höfðu áhrif á þessa styrkingu. Samkvæmt mynd 2 studdu grunnþættir evrópskrar og landsbundinnar þjálfunar við bættu hæfni í raunfærnimatsferlinu að viðbættri aukinnar þátttöku í raunfærnimats- og ráðgjafarferlinu, meðvitund um yfirfæranlega hæfni, fleiri möguleika á samstarfi við hagsmunaaðila og bættu hæfni við að veita ráðgjöf og meta raunfærni einstaklinganna við að beita yfirfæranlega hæfni í daglegu lífi eða starfi. Að auki virðist þýðing á og beiting landsbundinnar þjálfunar, verkfæra, aðferðafræði og vinnustofur

vera mjög mikilvægir þættir til að styðja við reynslu af eflingu hæfni meðal sérfræðinganna sem komu að raunfærnimatsferlinu.

Ennfremur virðist viðmiðarammann fyrir yfirfæranlega hæfni (e. Transversal Competence Framework, TFC) hafa reynst gagnlegur við háþröðun raunfærnimatsferlisins. Þá virðist reynslan af vinnu með einstaklingunum eða með öðrum orðum, vettvangsvinnan hugsanlega hafa áhrif á eflingu hæfni meðal sumra sérfræðinga.

Að lokum reyndist TRANSVAL hæfniprófíllinn styðja við reynslu af eflingu hæfni meðal sumra sérfræðinga.

**Mynd 2: Samspil áhrifaþátta við styrkingu hæfni ráðgjafar- og raunfærnimatssérfræðinga**



English	Íslenska
Transval-Eu project in general	Almennt um Evrópuverkefnið Transval-EU
National level	Á landsvísu
National training (moderators, materials, interaction, tools, methodologies and workshops)	Þjálfun í löndunum (stjórnendur, efni, gagnvirkni, verkfæri, aðferðafræði og vinnustofur)
Field work (experience with candidates)	Vinna á vettvangi (reynsla af einstaklingum)
European / training	Evrópsk / þjálfun
Modrators	Stjórnendur
Activities & materials	Virkni & efni
Transversal Competence Framework (TFC)	Viðmiðarammi fyrir yfirfæranlega færni
Competence Profile	Hæfniprófíll

Samkvæmt niðurstöðum greiningarinnar, þar sem vísað er til þátta sem hafa áhrif á reynslu af styrkingu hæfni meðal einstaklinganna, virðist sem sjálft ráðgjafar- og raunfærnimatsferlið á yfirfæranlegri hæfni auk kyns og aldurs vera helstu marktæku forspárþættir nokkurra hæfnipætta.